

## Salmonella og húsdýraáburður

Að mati yfirdýralæknis skal meðhöndlun húsdýraáburðar sem mengaður er af salmonella vera samkvæmt eftirfarandi:

- 1) Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna veita leyfi fyrir keyrslu, dreifingu<sup>1</sup>, förgun<sup>2</sup>, meðhöndlun<sup>3</sup> eða nýtingu<sup>4</sup> áburðar sem mengaður er af salmonella.
- 2) Meta skal í hverju tilfalli hvaða aðferðum skal beitt við losun áburðar úr mykjutönkum, haughúsum eða álíka.
- 3) Með dreifingu<sup>1</sup> áburðar er átt við dreifingu hans á tún, flög, mela eða álíka með dreifurum sem eru útbúnir með slöngubúnaði svo forða megi úðasmiti. Að lokinni dreifingu skal áburður strax plægður niður. Þau svæði sem fyrirhugað er að dreifa á, skulu skoðuð og fyrirfram samþykkt af viðkomandi heilbrigðiseftirliti.
- 4) Með förgun<sup>2</sup> er átt við urðun áburðarins eða niðurfellingu hans í jarðveg með til þess gerðum dreifurum. Með förgun er einnig átt við losun vökvaþasa áburðarins í viðtaka samkvæmt ákvæðum reglugerða þar um.
- 5) Með meðhöndlun<sup>3</sup> áburðar er átt við aðgerðir sem hækka hitastig hans nægilega svo salmonella sýkillinn drepist. Dæmi: Gerð safnhaugs á tryggilegum stað eftir aðskilnað vökvaþasa. Ef áburður er fastur, má geyma hann í safnhaug á tryggilegum stað þar til smit greinist ekki lengur í honum.
- 6) Með nýtingu<sup>4</sup> áburðar er átt við nýtingu hans að lokinni meðhöndlun.
- 7) Ekki er gerður greinarmunur á salmonella tegundum. Um fjölonæmar salmonella tegundir gilda þó sérstök skilyrði.
- 8) Ávallt skal tryggja við akstur, dreifingu, förgun eða meðhöndlun salmonella mengaðs áburðar að hann mengi ekki akstursleiðir, grunnvatn, læki, vötn eða álíka eða berist í dýr, villt sem tamin.
- 9) Losun áburðar skal fara fram þegar geymslur eru fullar svo fremi sem það falli að heimildarákvæðum reglugerða þar um.
- 10) Smitvarnir skulu vega þyngst þegar tekin er afstaða til keyrslu, dreifingu, förgunar eða meðhöndlunar áburðar.
- 11) Þegar íhuguð er dreifing áburðar á svæði skal það uppfylla skilyrði í lið 9) og vera í sem lengstri fjarlægð frá:
  - þjóðvegi
  - byggðarkjarna og aðliggjandi vegum
  - gripahúsum hjarðarinnar og nánasta umhverfi þeirra og aðliggjandi vegum

- nágrannabæjum
- öðrum húsum með húsdýr

12) Um vélar, tæki, tól og útbúnað gilda eftirfarandi reglur:

- Eftir fremsta megni skal nota eigin vélar, tæki og tól við keyrslu, dreifingu, förgun, meðhöndlun og plægingu.
- Vélar, tæki eða tól skulu þrífín og sóttþreinsuð sem næst smituðu hjörðinni en þó á stað sem ekki verður skilgreindur sem smitaður eftir þrífín. Eftir úttekt á þrífum og sóttþreinsun og viðurkenningu á þeim má ekki nota vélar, tæki, tól eða útbúnað í næstu 24 klst.
- Þrif og sóttþreinsun skulu tekin út og samþykkt af viðkomandi heilbrigðiseftirliti. Það sama á við um staðinn þar sem þrífín fara fram.

**Um fjölónæmar salmonella tegundir gilda eftirfarandi reglur**

- 1) Áburður skal urðaður á stað sem Hollustuvernd ríkisins samþykkir.
- 2) Akstursleiðir, flutningstæki, allur búnaður og flutningsaðilar skulu fyrirfram samþykktar af viðkomandi heilbrigðiseftirliti.
- 3) Um þrif og sóttþreinsun gilda sömu reglur og í lið 12)
- 4) Í hjörðum með klínísk einkenni vegna salmonella gilda sömu reglur og fyrir fjölónæmar salmonella tegundir.